

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 418/1988. **Guðmundur Lárusson**
f.h. Bátasmiðju Guðmundar
(Valgeir Kristinsson hrl.)
gegn
Ragnari Björnssyni
(Jónatan Sveinsson hrl.).

Kaup.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. desember 1988. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og að fjárnámsgerð, sem fram fór til tryggingar kröfum stefnda, verði felld niður. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og áfrýjuð fjárnámsgerð verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Lögð hefur verið fram skýrsla, sem áfrýjandi gaf á bæjarþingi Hafnarfjarðar eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi.

Lög nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990 tóku gildi 8. janúar 1988. Telja verður nægilega fram komið, að smíði bátsins fyrir stefnda hafi þá ekki verið hafin. Stuttu síðar óskaði stefndi eftir því, að samningurinn um smíðina yrði felldur úr gildi, og er ljóst, að í því fólst yfirlýsing um, að hann myndi ekki standa við skyldur sínar eftir samningnum. Þess er að gæta, að samkvæmt skýrslu áfrýjanda var bátur með smíðanúmeri því, sem var á pöntun stefnda, seldur öðrum, og hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að hann hafi haft kostnað af pöntuninni. Þegar af þeirri ástæðu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðmundur Lárusson, greiði stefnda, Ragnar Björnssyni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. september 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. september sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1988.

Stefnandi er Ragnar Björnsson, nnr. 7158-6529, Grundarbraut 13, Ólafsvík, en stefndi Guðmundur Lárusson, nnr. 3090-1223, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, vegna óskráðs einkafirma hans, Bátasmiðju Guðmundar, Eyrartröð 13, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða 80.000 kr. með 42% ársvöxtum frá 16.9.'87 til 1.10.'87, með 43,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.11.'87, með 45,6% ársvöxtum frá þ.d. til 1.12.'87, með 49,2% ársvöxtum frá þ.d. til 1.1.'88, með 51,6% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Þá er þess krafist, að stefnanda verði heimilað að leggja dráttarvexti við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 16.9.1988. Í málflutningi gerði stefnandi þær breytingar á kröfugerð, að frá 1. janúar 1988 og til greiðsludags reiknist dráttarvextir skv. lögum nr. 25/1987.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Aðilar eru sammála um málavexti. Stefnandi pantaði 8,3 tonna plastbát hjá stefnda, sem rekur fyrirtækið Bátasmiðju Guðmundar. Fyrirtækið er óskráð einkafirma stefnda. Stefnandi gerði pöntunina 16. september 1987, og átti að afhenda bátinn fullsmíðaðan í september 1988. Aðilar gerðu með sér samning af þessu tilefni 16. september 1987, og ber hann yfirskriftina PÖNTUN. Segir þar, að þann dag hafi stefnandi „staðfest pöntun sína á Sóma 900“ með greiðslu 100.000 króna.

Með bréfi, dagsettu 11. febrúar 1988, rifti stefnandi kaupum á þeirri forsendu, að ljóst væri eftir gildistöku laga nr. 3 frá 8. janúar 1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, að enginn rekstrargrundvöllur yrði fyrir bátinn. Forsendur væru brostnar fyrir kaupunum vegna atvika, sem stefnandi ætti ekki sök á. Þá gerði stefnandi kröfu um, að stefndi endurgreiddi 80.000 kr. af 100.000 kr. innágreiðslu, sem greidd var við pöntun.

Stefndi svaraði bréfi stefnanda 12. febrúar 1988 og hafnaði endurgreiðslukröfu stefnanda. Jafnframt skoraði stefndi á stefnanda að mæta

til að undirrita kaupsamning innan tíu daga frá dagsetningu bréfsins. Að öðrum kosti yrði litið svo á, að samningur aðila frá 16. september 1987 væri niður fallinn.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst hafi verið eftir gildistöku laga nr. 3/1988 um stjórn fiskveiða 1988-1990, að báturinn fengi engin veiðileyfi. Rekstrargrundvöllur bátsins hefði brostið, og bæri stefnandi enga ábyrgð á því. Stefnandi reisir því kröfu sína á reglum um brostnar forsendur. Þá heldur stefnandi því fram, að greiðsla á 100.000 kr. hafi verið innágreiðsla, en ekki eins konar trygging fyrir efndum samningsins af hálfu stefnanda.

Stefndi reisir málátlilbúnað sinn einnig á 36. gr. samningalaga nr. 7/1936, sbr. lög nr. 11/1986. Það hlýti að teljast ósanngjarnt að bera samninginn fyrir sig.

Í málf lutningi hélt stefnandi því fram, að tjón stefnda vegna riftunar samningsins væri ósannað og gæti ekki verið meira en 20.000 kr., sem stefnandi býði fram.

Stefndi styður sýknukröfu sína í fyrsta lagi með því að benda á, að stefnandi hafi einhliða rift gerðum samningi vegna atvika, sem stefndi beri ekki ábyrgð á. Stefnandi hafi boðið stefnanda að breyta samningi þannig, að stefnandi fengi minni bát í stað þess, sem stefnandi pantaði. Var því hafnað af stefnanda. Af þessu leiði, að stefnanda beri að bæta stefnda það tjón, sem hann hafi orðið fyrir. Hann eigi eftir reglum um efndabætur að verða eins settur fjárhagslega og samningurinn hefði verið efndur af stefnanda. Stefnandi heldur því fram, að tjón sitt hafi orðið meira en upphæð stefnukröfu. Ef efnahagsreikningur fyrirtækisins sé skoðaður, megi sjá, að 10% hagnaður hafi orðið á hverjum bát á árinu 1987. Því megi áætla, miðað við kaupverð bátsins, 1.660.000 kr., að hagnaður stefnda hefði orðið 166.000 kr. að viðbættum 2% sölulaunum, kr. 33.320. Tap stefnda sé því varlega áætlað 199.320 krónur.

Í öðru lagi bendir stefndi á, að aldrei hafi reynt á, hvort veiðileyfi fengist fyrir bátinn. Í 10. gr., G-lið, laga nr. 3/1988 sé gert ráð fyrir, að bátur, sem bindandi samningur hafi verið gerður um smíði á fyrir gildistöku laganna, eigi kost á veðleyfum. Að vísu eru þau skilyrði, að smíði þeirra (sic) sé sannanlega hafin fyrir 31. desember 1987 eða a.m.k. þriðjungur umsamans kaupverðs sannanlega greiddur fyrir 31. desember 1987 og afhending fari fram fyrir 10. júlí 1988. Aldrei hafi reynt á, hvort ekki mætti fullnægja þessum skilyrðum laganna, þar sem stefnandi rifti kaupum einhliða.

Í þriðja lagi sé til þess að líta, að báturinn hefði verið í fullu verðgildi, þótt veðleyfi fengist ekki. Stefnandi hefði þá þurft að kaupa veiðileyfi.

Samkvæmt framansögðu er því hafnað af hálfu stefnda, að reglur um brostnar forsendur eða 36. gr. samningalaga eigi við í þessu máli. Grund-

vallarregla íslensks réttar sé, að samninga skuli halda. Menn verði sjálfir að bera áhættuna af því, að forsendur fyrir samningsgerð þeirra bresti.

Niðurstöður.

Með lögum nr. 3/1988 frá 8. janúar sl. um stjórn fiskveiða 1988-1990, 10. gr., eru settar veiðitakmarkanir á báta minni en 10 brl. Skv. A-lið 10. gr. eru botnfisksveiðar báta 6 brl. og stærri háðar sérstökum veiðileyfum. Undantekning er gerð í G-lið 10. gr. fyrir báta, sem byrjað var að smíða fyrir gildistöku laganna, eða a.m.k. þriðjungur kaupverðs hafi sannanlega verið greiddur fyrir 31. desember 1987.

Ljóst er, að stefnandi gat hvorugt þessara skilyrða uppfyllt, þar sem smíði bátsins var ekki hafin 8. janúar 1988 og aðeins 100.000 kr. greiddar inn á kaupin.

Telja verður, að það hafi verið veruleg forsenda og ákvörðunarástæða fyrir kaupunum af hálfu stefnanda, að hann fengi veiðileyfi fyrir bátinn, sem fullbúinn kostar u.þ.b. 2.600.000 kr. til 3.000.000. Verður því á það fallist, að framangreindar lagabreytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um fiskveiðar báta undir 10 brl., séu svo veigamiklar, að forsendur hafi brostið fyrir kaupunum. Stefnanda var því heimilt að rifta kaupunum.

Stefnandi greiddi stefnda 100.000 kr., er hann pantaði bátinn 16. september 1987. Samkvæmt ofansögðu féll samningur aðila úr gildi, þar sem verulegar forsendur brustu fyrir efndum hans. Af því leiðir, að stefndi verður að endurgreiða stefnanda það, sem stefnandi hafði greitt. Verða því kröfur stefnanda um greiðslu 80.000 kr. teknar til greina. Stefnandi sendi stefnda riftunarbréf 11. febrúar sl. Í því bréfi hafði stefnandi fyrst uppi endurgreiðslu- og dráttarvaxtakröfu. Verða því dráttarvextir dæmdir frá 11. mars 1988, sbr. 2. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Vextir ákvarðast skv. 10. gr. sömu laga. Krafa stefnanda um, að vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, verður tekin til greina, með þeim breytingum þó, að það verði í fyrsta sinn 11. mars 1989.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu. Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Lárusson, Álfaskeiði 103, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Ragnari Björnssyni, Grundarbraut 13, Ólafsvík, 80.000 kr. með dráttarvöxtum eftir III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 11. mars 1988 til greiðsludags. Vöxtum, sem falla á höfuðstól kröfunnar frá 11. mars 1988, skal bætt við hana á tólf mánaða fresti frá þeim degi, í fyrsta sinn 11. mars 1989, og vextir síðan reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af máli þessu.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 2. desember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 2.12., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 103 og haldinn með undirrituðum vottum af Rúnari S. Gíslasyni ftr.

Fyrir er tekið fógetamálið 1768/1988: Ragnar Björnsson gegn Guðmundi Lárussyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, og nr. 2, dóm, nr. 3, birtingarvottorð.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Klemenz Eggertsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir 80.000 kr. með drv. skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 11.3.1988 til greiðsludags, kr. 2.025 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Theódór Bogason.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsir fógeti fjárnámi í eign gerðarþola, fasteigninni Álfaskeiði nr. 103, Hafnarf. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og tilkynnir gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.
